



477. Stjórnarfundur haldinn 27. október. 2016 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA) og Guðjón Axelsson (GA).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG), Birgir Ingibergsson (BI) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Afrit af bréfi knattspyrnudeildar til bæjarráðs Reykjanesbæjar v/reksturs knattspyrnuvalla og aðstöðu þeim tengdum.

Bréf frá formanni ÍRB Ingigerði Sæmundsdóttur v/ þjálfarastyrks Reykjanesbæjar. *Móttekið og sent á deildir.*

Bréf frá UMFÍ v/úthlutunar úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. *Móttekið. Stjórn ekki ánægð með að fá höfnun í þriðjaskiptið vegna styrks fyrir námskeiði í skráninga- og greiðslukerfi Nora.*

Ákveðið að senda bréf á stjórn UMFÍ vegna þessarar afgreiðslu.

Bréf frá Ragnheiði landsfulltrúa UMFÍ v/„Nýtum tækifærin núna, skoðanir ungs fólks“ ásamt skoðunarkönnun. *Móttekið og könnunni svarað.*

Afrit af bréfi knattspyrnudeildar til bæjarráðs Reykjanesbæjar v/útleigu á plani við æfingasvæði deildarinnar fyrir aftan Reykjaneshallar. *Móttekið.*

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda v/þjálfarastyrks Reykjanesbæjar og námskeiðs í skyndihjálpi.

4. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Laugum í Sælingsdal 15. október. EH og KG mættu fyrir hönd Keflavíkur. EH fór yfir fundinn.

5. Félagsheimili Keflavíkur.

EH sagði frá því að búið væri að kaupa tvo skjávarpa og tvö sýningartjöld. EH er búinn að setja þetta upp, en á eftir að setja upp tengibrunna í rennu svo hægt sem með góðu móti að tengjast skjávörpunum.

6. Hringbraut 108.

EH sagði frá því að hann hefði verið kallaður út vegna vatns í kjallara á Hringbraut 108. Ca. átta sentimetrar af vatni hefði verið í kjallaranum sem hafði komið inn utan frá. Rafmagn hafði slegið út og brunndælan því ekki séð um að dæla utankomandi vatni í burt. EH sá um að dæla vatninu úr kjallaranum. Búið að hafa samband við tryggingarnar.

7. Önnur mál.

EH kom inn á að fartölva félagsins væri orðin of gömul og því þyrfti að endurnýja hana. Umræður um málið og framkvæmdastjóra falið að skoða hvað sé hagstæðast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 10. nóvember 2016 kl. 18:00.

Fundinn ritaði BS.

